

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 155/2011 um val nemenda til náms í tannlæknisfræði og tannsmíði við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Prófað verður úr öllum námskeiðum sem metin eru til náms-  
eininga á haustmisseri 1. námsárs.
- b. Í 8. másl. 1. mgr. undir staflið a, *Kandidatsnám í tannlækningum*, falla brott orðin „þá í  
vefjafræði“.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Prófað verður úr öllum námskeiðum sem metin eru til náms-  
eininga á haustmisseri 1. námsárs.
- b. Í upptalningu á námskeiðum og vægi þeirra undir staflið a, *Kandidatsnám í tannlækningum*,  
breytist einingafjöldi einstakra námskeiða sem hér segir: (i) Í stað „9e“ aftan við námskeiðs-  
heitið „Almenn líffræði A“ kemur: 10e. (ii) Í stað „5e“ aftan við námskeiðsheitið „Form-  
fræði tanna, fræðileg“ kemur: 6e. (iii) Námskeiðsheitið „Vefjafræði“, ásamt tilheyrandi  
einingafjölda, fellur brott úr upptalningunni.
- c. Í upptalningu á námskeiðum og vægi þeirra undir staflið b, *BS nám í tannsmíði*, breytist  
einingafjöldi námskeiðsins „Formfræði tanna, fræðileg“ þannig að í stað „5e“ kemur: 6e.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðis-  
vísindasviðs, eru settar með heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.  
Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 5. mars 2021.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Dórður Kristinsson.*